

## 8. gr.

Af húsnæði, sem þegar hefur verið tekið í notkun og nýbyggingum sem samþykktar hafa verið fyrir 1. október 1979 gjaldfellur 50% heimæðargjalds, þegar lagning dreifiaðar og götuæðar er hafin. Eftirstöðvar gjaldsins, gjaldfalla þegar heimæð hefur verið lögð inn fyrir húsvegg.

Fyrir íbúðarhús, með þilofnahitun er heimilt að fella niður seinni hluta gjaldsins ef hitunarkerfi hússins er tengt innan 2 ára frá lagningu dreifiaða. Að þeim tíma liðnum gjaldfellur síðari hluti gjaldsins og reiknast þá sem 50% af gildandi heimæðargjaldi fyrir samsvarandi húsnæði.

Af nýju húsnæði og breytingum eða endurbyggingu á húsnæði sem er samþykkt eftir 1. október 1979, gjaldfellur heimæðargjald þegar byggingaleyfi er veitt.

## 9. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila skal gjald fyrir að opna á ný samsvara orkugjaldi fyrir einn mínútulíttra á mánuði.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

## 10. gr.

Gjalddagi hitaveitunnar er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð og skulu gjöldin greidd þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

## 11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskránni, eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þá ekki meira en nemur breytingu sem á nefndri vísitölu verður, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 123 22. febrúar 1984.

*Iðnaðarráðuneytið, 7. febrúar 1985.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

**GJALDSKRÁ**

**Rafveitu Eyrarbakka.**

**I. RAFORKA.**

**Rafveita Eyrarbakka selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:**

**1. Lýsing o. fl.**

1.1 Til almennrar lýsingar.

Orkugjald 5,80 kr/kWh.

1.2 Til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð.

Orkugjald 7,20 kr/kWh.

- 1.3 Til úti- og götulýsingar samkv. uppsettu aflí:  
 Aflgjald 7 770,00 kr/kW á ári.  
 Viðhaldsgjald 8 420,00 kr/kW á ári.  
 Gjald alls 16 190,00 kr/kW á ári.  
 Auk afl og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.

### 2. Heimili o. fl.

- 2.1 Til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, gistihúsum og hliðstæðum stofnunum.  
 Orkugjald 4,80 kr/kWh.
- 2.2 Til notkunar í sumarústöðum og sumarþúðum.  
 Orkugjald umfram 300 kWh á ári 4,80 kr/kWh.

### 3. Vélar o. fl.

- 3.2 Til véla og annarrar notkunar í fyrirtækjum eða stofnunum, enda sé lágmarksafl 20 kW. Gjaldskýlt afl er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.  
 Orkugjald 1,65 kr/kWh.  
 Aflgjald 5 840,00 kr/kW á ári.

### 4. Hitun.

- 4.1 Til húshitunar, roftími 1 klst. á dag.  
 Orkugjald 2,60 kr/kWh.
- 4.2 Til húshitunar, roftími 2 × 90 mín. á dag.  
 Orkugjald 0,96 kr/kWh.
- 4.3. Til hitunar í iðnaði, roftími 1 klst. á dag.  
 Orkugjald 3,60 kr/kWh.
- 4.4 Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími 15 klst. að degi til.  
 Orkugjald 0,95 kr/kWh.
- 4.5 Tvígjaldsmæling fyrir hitun í iðnaði og til annarra hliðstæðra nota.  
 Orkugjald næturtaxti 9 stundir 1,25 kr/kWh.  
 Orkugjald dagtaxti 15 stundir 6,80 kr/kWh.
- Um framangreinda gjaldskrárlíði gildir eftirfarandi ákvæði: Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1800 klst. á hvert kW uppsetts afls hitunartækja.
- Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:
- Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
  - Að vélaafl, línur og spennir þoli álagið.
  - Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim samkvæmt gjaldskrá.
  - Að hitunartæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

## II. FASTAGJALD.

Rafveitan ákvarðar stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu fyrir hvert tæki sem hér segir:

Orkumælir einfasa .....	1 200,00 kr/ár
Orkumælir, þrífasa .....	1 800,00 kr/ár
Orkumælir, þrífasa með straumspennum .....	2 400,00 kr/ár

Orkumælir fyrir sumarhús .....	2 400,00 kr/ár
Aflmælir .....	3 000,00 kr/ár
Aflmælir með straumspennum .....	3 470,00 kr/ár
Tvígjaldsmælir .....	3 000,00 kr/ár
Klukka .....	420,00 kr/ár

### III. HEIMTAUGAGJALD

Heimtaugagjald fyrir varanlega heimtaug skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur (A)	Stofngjald (kr.)	Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
1 × 63	26 000,00	845,00	6 930,00
3 × 63	28 100,00	845,00	11 970,00
3 × 100	44 700,00	1 300,00	15 200,00
3 × 200	88 300,00	2 140,00	
3 × 315	140 000,00	2 500,00	
3 × 400	179 000,00	Samkv. kostnaði	
3 × 710	318 000,00	—	
3 × 1200	535 000,00	—	

Yfirlengd miðast við: Jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en en 30 m. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnkassa eða stofntengikassa húsveitu.

Þegar stækka þarf spennu eða heimtaug vegna tiltekings notanda, skal greiða fullt heimtaugagjald fyrir nýju heimtaugina að fráregnu hálfu gjaldi fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekings notanda, og hún að mestu eða öllu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina eða húsnaði, rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um gerð húsnaðis eða stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr skal greitt sem yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugagjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að tveimur árum. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

### IV. ÝMIS ÁKVÆÐI.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppun kr. 450,00.

Ef fassviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,9 getur rafveitan krafist að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

Rafveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafveitureikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma rafveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 350,00.

Söluskattur 24% og 16% verðjöfnunargjald til þess að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, samtals 40%, eru innifalin í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema í liðum 1.3 Viðhaldsgjald og liðum 4.1, 4.2 og 4.3.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1985, með vísun til auglýsingar ráðuneytisins nr. 492/1984 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 198 24. apríl 1984.

*Iðnaðarráðuneytið, 6. febrúar 1985.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## GJALDSKRÁ

### Rafveitu Hveragerðis.

#### I. RAFORKA.

Rafveita Hveragerðis selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1.1 Til almennrar lýsingar.	
Orkugjald .....	5,50 kr/kWh
1.2 Til vinnuljósa, vinnuvéla og annarrar notkunar við mann- virkjagerð.	
Orkugjald .....	6,85 kr.
1.3 Til úti- og götulýsingar samkvæmt upps. aflí.	
Aflgjald .....	7 360,00 kr/kWh/ár
Viðhaldsgjald .....	7 980,00 kr/kWh/ár
Samtals .....	15 340,00 kr/kWh/ár

#### 2. Heimili o. fl.

2.1 Til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum, vistheimilum, veitingahúsum, gistihúsum og hliðstæðum stofnunum.	
Orkugjald .....	5,00 kr/kWh

#### 3. Vélar o. fl.

3.1 Til vélanotkunar.	
Orkugjald .....	5,50 kr/kWh
3.2 Til véla og annarrar notkunar fyrirtækja eða stofnana, enda sé lágmarksafli 20 kW. Gjaldskilyt afl er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.	
Orkugjald .....	1,73 kr/kWh
Aflgjald .....	5 230,00 kr/kWh/ár